



Skilgreining mannréttinda utangarðsfólks

*Starfshópur um skilgreiningu mannréttinda
utangarðsfólks í Reykjavík*

Maí 2012

Mannréttindi utangarðsfólks - þjónusta án fordóma

Bág mannréttindastaða utangarðsfólks skapast af fjölþættum heilbrigðisvanda sem hefur í för með sér alvarlegar félagslegar afleiðingar.

*Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að tryggja beri „aðgengi að þjónustu, óháð **heilsufari** fólks.“ og „allir borgarbúar njóti jafns réttar, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, **heilsufars** eða annarrar stöðu.“*

Það telst því til mannréttinda einstaklinga í röðum utangarðsfólks að Reykjavíkurborg tryggi þeim aðgengi að þjónustu til jafns við aðra borgarbúa sem stríða við heilbrigðis- og félagsvanda og þjónustan sé án aðgreiningar.

Notendur þjónustunnar - efling mannréttinda

- ✓ Utangarðsfólk fái notið þeirrar þjónustu sem það á rétt á og leita skal leiða til að upplýsa það um réttindi sín jafnframt sem samstarf við það verði aukið.
- ✓ Geti einstaklingar í röðum utangarðsfólks ekki, sökum heilbrigðisvanda síns eða félagslegrar stöðu, haft frumkvæði að því að sækja sér þjónustu borgarinnar eftir hefðbundnum leiðum skal borgin leita leiða til þess að fara með þjónustuna þeirra.
- ✓ Tryggja þarf að þjónustan taki mið af fjölbreytilegum vanda einstaklinga í röðum utangarðsfólks og byggi á margbreytileika í úrræðum og einstaklingsmiðaðri nálgun. Sérstakur vandi utangarðsfólks sem jafnframt tilheyrir öðrum hópum sem mannréttindastefna Reykjavíkur kveður á um - svo sem konur, ungmenni, aldraðir og tvígreindir - sé viðurkenndur og í hverju tilviki brugðist við með viðeigandi hætti.
- ✓ Gæði þjónustu borgarinnar við einstaklinga í röðum utangarðsfólks séu þau sömu og þjónusta við aðra sem búa við heilbrigðis - og/eða félagslegan vanda.
- ✓ Mannhelgi, lagaleg og siðferðileg réttindi einstaklinga í málum sem varða þeirra eigin persónu ásamt virðingu og friðhelgi einkalífs skulu vera virt í þjónustu við utangarðsfólk.

Veitendur þjónustunnar - miðlun mannréttinda

- ✓ Þeir sem þjónusta einstaklinga úr röðum utangarðsfólks skulu þekkja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og heilbrigðisstefnu yfirvalda varðandi hópinn. Þetta á einnig við um aðra mannréttindasáttmála sem skulu vera leiðarljós í störfum og viðhorfum þjónustuaðila.

- ✓ Reykjavíkurborg skal standa að mannréttindafræðslu fyrir alla veitendur þjónustunnar og þannig stuðla að því að mannréttindi og þarfir utangarðsfólks ákvarði eðli og umfang úrræðanna sem í boði eru fyrir hópinn og einstaklinga innan hans.
- ✓ Tryggja skal eftirfylgni með því að margbreytileg þjónusta við einstaklinga og tiltekna hópa úr röðum utangarðsfólks standist sömu gæðakröfur og þjónusta við aðra sem búa við heilbrigðis- og/eða félagslegan vanda og sé veitt á forsendum mannréttinda þeirra.
- ✓ Reykjavíkurborg skal hafa frumkvæði að því að auka samstarf allra veitenda þjónustunnar. Tryggja skal aðkomu allra þjónustumiðstöðva borgarinnar að slíku samstarfi.

Eftirlit með þjónustunni

- ✓ Eftirlit með þeirri þjónustu sem veitt er einstaklingum úr röðum utangarðsfólks skal vera í höndum óháðs þriðja aðila.

Greinargerð

Mannréttindaráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 20. desember 2011 að stofna starfshóp með það markmið að skilgreina mannréttindi utangarðsfólks og fíkla í Reykjavík. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hópsins sé að gera tillögu að skýrum ákvæðum um mannréttindi þessa hóps svo tryggja megi að þjónusta við hópinn verði í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Hópurinn var skipaður fulltrúum allra flokka mannréttindaráðs auk mannréttindastjóra á fundi ráðsins 14. febrúar 2012.

Eftirtaldir voru skipaðir í starfshópinn:

- Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri
- Guðrún Ögmundsdóttir, fulltrúi Samfylkingar
- Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
- SJÓN, fulltrúi Besta flokks
- Ingibjörg Óðinsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks

Starfsmaður hópsins var Jóna Vigdís Kristinsdóttir, starfsmaður á mannréttindaskrifstofu.

Starfshópurinn fundaði alls 8 sinnum á tímabilinu 29.02 til 24.05.2012.

Á fundina komu gestir sem bjuggu yfir sérþekkingu á málaflokknum. Meðal annarra Þórarinn Tyrfingsson læknir á Vogu, Guðbjörg Sveinsdóttir geðhjúkrunarfræðingur í samfélagsteymi LSH, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Vilhjálmur Arnason prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, Jónas Jónasson verkefnastjóri á dagsetri, Sigríður Stefánsdóttir sérfræðingur velferðarmála Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Sigríður Rut Júlíusdóttir lögfræðingur hjá Rétti lögmannsstofu og Guðrún Ágústa Eyjólfz sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni.

Snemma í starfi vinnuhópsins kom fram sú staðreynd í samtali við sérfræðinga að hér er fyrst og fremst um heilbrigðisvanda að ræða sem bregðast þarf við. Það var ákvörðun starfshópsins að stefnan skuli aðeins ná til utangarðsfólks og fíkla úr röðum þeirra.

Starfshópurinn telur að þótt málefni utangarðsfólks sé höfuðborgarvandi sé mikilvægt að efla þverfaglegt samstarf á milli ríkis, sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka sem að málaflokknum vinna. Einnig bendir starfshópurinn á mikilvægi þess að utangarðsmenn eigi sér talsmenn.

Reykjavíkurborg eigi jafnframt að tryggja að margbreytileg úrræði standi hópnum til boða þar sem persónuverndarsjónarmið og rétturinn til mannhelgi og virðingar sé hafður að leiðarljósi.

Huga þarf sérstaklega að sértækri þjónustu til yngsta (15-18 ára) og elsta hópsins (+67 ára).

Mikilvægt er að auka þekkingu, fræðslu og samstarf þjónustuveitenda sem vinna að málaflokknum.

Myndað verði þekkingarteymi sem starfi þvert á þjónustumiðstöðvar og í samstarfi við aðra sem að málaflokknum koma.

Starfshópurinn beinir því til mannréttindaráðs að í framhaldi af samþykkt tillögunnar verði mannréttindaskrifstofu falið að útbúa upplýsingarit um réttarstöðu utangarðsfólks. Ritið verði aðgengilegt utangarðsfólki, aðstandendum og þjónustuveitendum.

Fylgiskjöl:

Erindisbréf starfshóps um skilgreiningu mannréttinda utangarðsfólks og fíkla í Reykjavík

Samantekt starfshóps um þjónustu við utangarðsfólk, febrúar 2012. Skýrsla unnin fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Endurkomufólkið hjá SÁÁ. Sjúklingar sem komu á Sjúkrahúsið Vog 2003 og höfðu verið 10 sinnum eða oftar. Höfundur: Þórarinn Tyrfingsson.

Utangarðsfólk í Reykjavík: kortlagning og rannsókn. Rannsókn unnin í samvinnu við Nýsköpunarsjóð námsmanna og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar árið 2009. Höfundar: Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir og Erla Guðrún Sigurðardóttir.

<http://www.velferdarraduneyti.is/media/Skyrslur/htr2010.pdf>

[The Homelessness Strategy in Denmark](#)

<http://eohw.horus.be/files/freshstart/European%20Journal%20of%20Homelessness/Volume%20Four/policy-review-1.pdf>